

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts

Ár 2024, þriðjudaginn 11. júní var haldinn 44. fundur íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts. Fundurinn var haldinn í félagsmiðstöðinni Holtinu og hófst kl. 16.35. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir, Þorkell Sigurlaugsson, Elvar Örn Þórisson, Lina Marcela Giraldo og Vera Sveinbjörnsdóttir. Fundinn sat einnig Trausti Jónsson. Guðný Bára Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning umhverfis- og skipulagssviðs um Austurheiðar - framkvæmdir og skipulag. MSS24060015

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts leggur fram svohljóðandi bókun:

Þökkum Þórólfi fyrir gagnlega kynningu á þróun mála við Rauðavatn. Glæsileg uppbygging á svæðinu er lyftistöng fyrir það fallega umhverfi sem þar er að finna. Skemmtilegt verður að fylgja eftir þeim framkvæmdum sem eru áætlan. Teljum við að notagildi svæðisins við Rauðavatn myndi aukast enn fremur ef rafmagnskassi væri við áningarsvæði norðan við Rauðavatn.

- Þórólfur Jónsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið

2. Fram fer kynning austurmiðstöðvar á Þorpið elur upp barn – samfélags og uppleidnámsskeiði. MSS24040091

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts þakkar fyrir vandaða kynningu frá Austurmiðstöð, þykir þessi framkvæmd til eftirbreytni fyrir aðrar miðstöðvar borgarinnar. Valdefling kvenna af erlendum uppruna í uppeldi barna sinni í íslensku umhverfi er mikilvægt skref í átt að bættara hverfi. Hvetjum við til þess að kynningin verði tekin til skoðunar hjá menningar-, íþrótt-, og tómstundaráði. Bókun þessi verður send til menningar-, íþrótt-, og tómstundaráðs.

- Margrét Andreasen og Jóhanna Kristín Jónsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 28. maí 2024, um þjónustukönnun íbúa. MSS24050136

4. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 22. maí 2024, um umsagnarbeiðni um skipulagslýsingu vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal. USK24050182 Samþykkt að fela formanni íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts í samráði við alla fulltrúa ráðsins að vinna umsögn íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts fyrir tilskilinn frest.

5. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034

Fundi slitið kl. 18:23.

Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir

Þorkell Sigurlaugsson
Elvar Örn Þórisson

Vera Sveinbjörnsdóttir
Lina Marcela Giraldo